


Listasafn IIII Reykjavíkur

listasafnreykjavikur.is

17. nóvember 2012 – 20. janúar 2013



An titils: Kol á pappír / Untitled:
charcoal on paper, 1990.

Hugleikir og fingraflakk –
Stiklur úr starfsævi
Ragnheiðar Jónsdóttur

Mindplay and Fingerdance –
Ragnheiður Jónsdóttir's
career in art

Kjarvalsstaðir



Sýningarstjóri/Curator
Eiríkur Þorláksson

Hugleikir og fingrafلاك

– Stíklur úr starfsævi

Ragnheiðar Jónsdóttur

Eftir að hafa hrifist af þjóðsögum, ærstaðu fólki, ævintýrasögum og list í ýmsum myndum á æskuárum sínum í Pykkvabæ, varð Ragnheiði Jónsdóttur snemma ljóst að hugur hennar stefndi að því að vinna að myndlist, þótt leiðin að því marki væri ekki bein og greið.

Eftir að hafa sótt teiknínámскеið hér á landi og í Kaupmannahöfn og síðan í listmálan, átti Ragnheiður fyrst verk á haustsýningu FIM í Listamannaskólanum árið 1966 og síðan aftur á afmælisýningu Myndlistarskólans í Reykjavík stuttu síðar. Listmálarinn og gagnrýnandinn Valtýr Pétursson fjallaði um sýninguna í Morgunblaðinu og brá með því út af þeim vana sínum að fjalla ekki um slíkar sýningar. Hann nefndi verk Ragnheiðar fyrst allra á þeirri sýningu og sagði þau „sannarlega rumska við manni og sanna, að þar eru hæfileikar á ferð, sem vonandi eiga eftir að þroskast og njóta sín“.

Má segja að Valtýr hafi reynst forspár, því enn í dag rumska verk hennar við manni, og þar má sjá hæfileika sem eru sífellt að þroskast.

Ragnheiður hélt sína fyrstu einkasýningu haustið 1968 í Casa Nova, byggingu Menntaskólans í Reykjavík, þar sem hún sýndi einkum óhlutbundin málverk. Sýningin hlaut góða dóma og var ljóst að gagnrýnendum leist vel á framhaldið.

Með þessu upphafi á sýningarferlinum má segja að Ragnheiður hafi hella sér út í myndlistina af fullum krafti – á miðjum fertugsaldri, húsmóðir með fimm syni á heimilinu. Sú staða – og staða kvenna í listheiminum yfirleitt – var henni þó ekki áhyggjuefni, eins og hún sagði síðar: „Nei, ég sat bara í mínum filabeinsturni og vann mína grafík og sagði um mín börn. Það fór álfveg fram hjá mér.“

Áhugi Ragnheiðar beindist þó fljótlega að öðrum miðli, en haustið 1968 var hún meðal fyrstu nemenda á námskeiðum í grafíklistinni, sem haldin voru í Myndlista- og handiðaskólanum, en þar kenndi Einar Hákonarson þá nýkominn frá námi í Svíþjóð. Með Einari bar þessi nemendahópur grafíklistina fram til þeirra almennu vinsælda sem þessi listmiðill naut hér á landi á 8. og 9. áratug síðustu aldar og gerir enn. Saman endurreiisti þessi hópur ásamt kennara sínum félagið Íslenski grafík árið 1969 og stóð næstu árin fyrir fjölda samsýninga á grafíkverkum

hér á landi auk þess að senda verk á sýningar víða um lönd.

Ragnheiður sókkti sér ofan í grafíklistina á þessum tíma og sumarið 1970 fór hún ásamt Þjórgu Þorsteinsdóttur til Parísar til frekara náms. Þar unnu þær allt sumarið á grafíkverkstæðum hjá tveimur þekktustu grafíklistamönnum samtímans, þeim Johnny Friedlaender og Stanley William Hayter í Atelier 17, en þar var eins konar Mekka grafíklistarinnar um langt árabli. Ragnheiður vísaði til þess síðar að sumir litu þessa námsferð hennar, fimm barna móðurinnar, greinilega hornauga, en 1975 – á kvennaárinu sjálfu – sagði hún m.a. í blaðaviðtali: „Ekki þykir t.d. tiltökumál, þó kvæntur maður fari til framhaldsnáms útlanda, en ef gift kona gerir slíkt, liggur við að dómar fólks geti skaðað hana. Sagt er að hún hlaupi frá manni og börnum. Mér finnst það aðeins sjálfsgöð mannréttindi að giftar konur eigi kost á að afla sér menntunar hér eða erlendis á sama hátt og eiginmenn þeirra. Slíkt ættu ekki að vera einhver forréttindi karlmanna.“

Ragnheiður tók virkan þátt í fjölmörgum grafíkamsýningum hér á landi og erlendis næstu árin. Verk hennar vöktu jafnan verðskuldaða athygli, og hlutu m.a. sérstakar viðurkenningar og verðlaun á alþjóðlegum sýningum á grafíklist í Póllandi (1974) og Þýskalandi (1976).

Segja má að með annarri einkasýningu sinni, sem haldin var í Norræna húsinu haustið 1976, hafi Ragnheiður stigið fram sem einn fremsti listamaður landsins á sviði grafíklistarinnar. Þar sýndi hún 43 myndir og gagnrýnendur voru samdómum um að í þeim mætti sjá að listakonan hefði náð ótrúlegu valdi á þeirri erfiðu taðni, sem miðillinn krefðist – valdi sem hún notaði með markvissum hætti til að koma til skila sterkum sköpunum á þeim viðfangsefnum, sem hún gerði að yrkisefni sínu.

Þeirri skilgreiningu er stundum haldið á lofti að góð myndlist eigi í senn erindi við samtíma sinn og sé um leið óháð honum í innri gildum sínum. Einn gagnrýnandi sýningarinnar í Norræna húsinu sagði að verk Ragnheiðar fjölðuðu um „firingu, karlmannaveldi, vanmátt konunnar, mengun, náttúruþjöll og skort á félagslegri ábyrgð“.² Íslenskt þjóðfélag hefur ekki síður þörf fyrir að nema slíkan boðskap nú, í kjölfar atburða síðustu ára, en um miðjan 8. áratug síðustu aldar.

Ýmsar túlkningar Ragnheiðar á hversdagsleikanum urðu að táknumyndum samtímans, bæði á sviði kvennabaráttunnar, sem fékk aukinn kraft hér á landi á þessum tíma og í umræðu um náttúruvernd og mengun, sem þá var mörgum Íslendingum nær framaní hugtak.



Ragnheiður stundaði sína listaköpun af miklum krafti og á næstu árum hélt hún einkasýningar í Danmörku, Svíþjóð og Kanada auk sýninga hér á landi. Hráður hennar barst einnig víða með þátttöku í fjölda alþjóðlegra sýninga um allan heim. Verk hennar vöktu mikla athygli og voru keypt til ýmissa erlendra safna, allt frá Færeyjum til Egyptalands, auk þess sem verk hennar er að finna í fjölda safna á Íslandi.

Það tók á að vinna með grafíkina, enda vann Ragnheiður verk sín af mikilli nákvæmni og leitaði víða fanga til að skapa þá hugleiki, sem hún sóttist eftir. Um síðir tók Ragnheiður að hverfa á vit teikningarinnar í listaköpun sinni, þar sem kolateikningar með frjálslægu línuþpili og fingrafлакki á stórum myndflötum sköpu fjölbreytt mynstur og flæði, sem má hverfa inn í og fylgja eftir um sviðið. Hún hélt sína fyrstu sýningu á teikningum eingöngu í Norræna húsinu vorið 1990, og var henni afar vel tekið. Gagnrýndum var strax ljóst að hér var að hefjast nýtt skeið í sköpunarferli listakonunnar, þar sem hún leitaðist við að endurspegla krafta náttúrunnar í verkum sínum. „Í þeim er eins og endurspeglit umbrot náttúrukraftanna, öldugangur á ströndu, jökulruðningur við fjallarót, hvirfilbylur við sjónhring, ávelgur í hafi en einnig þau augnablik þegar náttúran birtist sem ímynd alls þess sem eftirskónarverðast er í þessu lífi, sjálfur sælureiturinn sem hugsjónamenn allra tíma hafa látið sig dreyma um.“¹

Þó að Ragnheiður hafi haldið áfram að skapa og sýna grafíkverk næstu ár hafa þessar stóru teikningar verið helsti miðill listakonunnar síðustu tvo áratugin. Á Sjónþingi sem haldið var í Gerðubergi í mars 1996 og helgað list Ragnheiðar var hún spurð um það hvort hún myndi þrykkja myndir í sömu stærð og teikningarnar, ef hún gæti það. Svandi var skýrt: „Nei, það mundi ég aldrei gera. Mér finnst ég alltaf vera í frii þegar ég teikna. En aftur á móti í þrælubúðum þegar ég vinn í grafík.“

Árið 1993 fékk Ragnheiður tækifæri til að dvelja um fimm mánaða skeið í gestavinnustofu í norrænu listamiðstöðinni í Sveaborg í Finnlandi, þar sem hún hellti sér út í teikninguna af fullum krafti og vann fjölda stórra mynda, sem síðan urðu uppstaddan í stórfri einkasýningu hennar á Kjarvalsstöðum ári síðar. Sýningin staðfesti að hún hafði ekki náð síðra valdi á þessum marslungna en viðkvæma miðli en hún hafði áður sýnt á sviði grafíkverkanna. Viðfangsefnið var þó annars eðlis, eins og iðulega hefur verið bent á. Í stórum teikningum, sem gjarna eru skapaðar í flokkum, má nema kjarna tilverunnar, iður og strauma

lofta, láða og lagar, sem einkenna náttúruna í sinni smæstu jafnt sem stærstu mynd og fylla hugi áhorfandans í túlkun listakonunnar. Þetta kom m.a. vel fram í þeim verkum sem mátti sjá á sýningu hennar í Gerðarsafni í Kópavogi 1996.

Ragnheiður fékk síðan tækifæri til að vinna sína stærstu teikningu á ferlinum þegar hún tók þátt í verkefninu Veggir í miðryminu á Kjarvalsstöðum árið 2000, en þar fengu listamenn frjálslar hendur við notkun langveggjar í ákveðinn tíma. Ragnheiður vann þar stórværk í fylltu merkingu orðans, en teikningin sú reyndist 2,5 x 14 metrar að stærð þá yfir lauk. Um það ferli sagði Ragnheiður, áður en vegferðin hófst:

„Vegleysur ...“

Ég hugsa mér að feta hina órannsakalegu vegi hugarflugsins – um fimindi – vegleysur. Þar eru klettur, klungur – urð og grjót. Ferðin hefst þarna í suðvesturhorninu (50 cm frá gólfi). Takmarkið er að komast um þessar vegleysur – alls 350.000 cm² – og ná til ákvörðunarstaðar á norðausturhorninu (50 cm frá lofti) fyrir 18. maí Anno 2000.

Nestið er fátæklegt; nokkrir pakkar af viðarkolum, rauðvinsflaska (tóm) – ónýtu sokkarnir mínir – strokledur.“

Það má segja að þau orð sem listakonan lét falla um teikningarnar sínar á Sjónþinginu árið 1996 eigi í raun við alla hennar listaköpun: „Mér finnst ég aldrei láta það skipta mig máli hvað aðrir gera. Þetta er eitthvað sem ég verð að koma frá mér, og þetta er séð með mínum augum. Þetta var í raun og veru mikil tilraunastarfsemi.“

Ragnheiður var eitt sinn snemma á ferli sínum spurð í blaðaviðtali hvert hún teldi æskilegt hlutverk myndlistar, og svar hennar var einfalt: „Að fá áhorfandann til að hugsa – taka afstöðu – vekja reiði hans – gleði – andstyggð o.s.frv. Í stuttu máli: Að rumska við áhorfandanum.“

Í listaköpun sinni hefur listakonan frá fyrstu tíð verið trú þessu svari sínu, og verk hennar eru enn í dag að rumska við áhorfandanum.

Eiríkur Þorláksson, sýningarstjóri.

- 1 Valtýr Þétursson: Morgunblaðið, 11. október 1966.
- 2 Ólafur Kvaran: Þjóðviljinn, 17. október 1976.
- 3 Aðalsteinn Ingólfsson: DV, 27. apríl 1990.

Mindplay and Fingerdance – Ragnheiður Jónsdóttir's career in art

Captivated by folklore, fairytales and art in its many forms during her childhood at Þykkvibær in rural south Iceland, Ragnheiður Jónsdóttir realised at an early age that she wanted to work in art, although her path to that objective was not a straight or easy one.

Having taken courses in drawing in Iceland and in Denmark, and later in painting, Ragnheiður first showed her work at the autumn exhibition of FÍM, the Society of Icelandic Visual Artists, at Listamannaskólinn in Reykjavík in 1966, and shortly after that at an anniversary show of the Reykjavík School of Visual Art. Artist/critic Valtýr Pétursson wrote about the show in daily *Morgunblaðið*, breaking his habit of not reviewing student exhibitions. He mentioned Ragnheiður's pieces first in his review, expressing the view that they "certainly have an unsettling effect, and show that there is a lot of talent here, which will hopefully develop and flourish."¹

Valtýr proved perceptive, for still today Ragnheiður's art remains as unsettling as ever, and displays talents which are in a constant state of development.

Ragnheiður's first one-woman show was held in Casa Nova, one of the buildings of the Reykjavík High School, in the autumn of 1968, when she mainly exhibited abstract paintings. The show received good reviews, and the critics clearly expected much of her in the future.

Following her debut, Ragnheiður wholeheartedly embarked upon a career in art – in her mid-thirties, a married woman with five sons. But that situation – and indeed the situation of women in general in the art world – caused her no concern, as she later remarked: "No, I just sat in my ivory tower doing my graphic art, and taking care of my children. All that passed me by."

Before long Ragnheiður moved away from painting to another medium. In the autumn of 1968 she was among the first students to take courses in graphic art held at the Icelandic School of Arts and Crafts (forerunner of the Iceland Academy of Arts), taught by Einar Hákonarson, who had recently returned to Iceland after studying in Sweden. Along with Einar, that first group of students brought graphic art in Iceland to the position of public acclaim that it enjoyed in the 1970s and 1980s, and still does today. Tutor and students joined forces to re-establish in 1969

the *Íslensk grafik* group (Icelandic Printmakers' Association), and in the following years organized a number of group exhibitions of graphic art in Iceland, in addition to sending their work to exhibitions around the world.

At that time, Ragnheiður immersed herself in graphic art, and in 1970 she went with fellow-artist Björg Þorsteinsdóttir to Paris for further training. They worked all summer in the graphic studios of two of the best-known graphic artists of the time, Johnny Friedlaender and Stanley William Hayter at Atelier 17, which was for many years a Mecca of graphic art. Ragnheiður later spoke of meeting with disapproval – as a mother of five – for her sojourn in Paris. In 1975 she commented in a press interview: "Nobody thinks anything of it, for instance, when a married man goes abroad to pursue advanced studies. But if a married woman does so, people can be so judgmental that it may be damaging. They say that she's abandoning her husband and children. I see it as a human right, that married women should be able to seek education and training, here in Iceland or abroad, in the same way as their husbands. It shouldn't be a male prerogative."

Ragnheiður was active in a large number of group exhibitions of graphic art, in Iceland and elsewhere, in the following years. Her work generally attracted well-deserved attention, and she received awards and prizes at international graphic art exhibitions in Poland (1974) and Germany (1976).

Ragnheiður's second one-woman show, at the Nordic House in Reykjavík in 1976, may be seen as heralding her as one of the leading graphic artists in Iceland. She showed 43 works; the critics were agreed that she had gained a remarkable mastery of the difficult techniques of graphic art – a mastery which she applied in a focussed fashion in order to express her strong views on the subjects of her work.

It is sometimes said that good art is relevant to its own time, while also being intrinsically timeless. One reviewer of the Nordic House show wrote that Ragnheiður's work addressed issues of "alienation, patriarchy, women's disempowerment, pollution, despoliation of nature, and lack of social responsibility."² Such a message is as relevant to Icelandic society today, after the financial meltdown of 2008 and its economic and social consequences, as it was in the 1970s.

Some of Ragnheiður's depictions of everyday phenomena came to symbolise their time – both in the context of feminism and women's liberation,

which was a growing force in Iceland at the time, and in the discourse on nature conservation and pollution, which in those days were unfamiliar ideas for many Icelanders.

Ragnheiður pursued her art energetically, and in the next few years she held one-woman exhibitions in Denmark, Sweden and Canada, in addition to shows in Iceland. Her reputation also spread due to her participation in many international exhibitions around the world. The works attracted attention, and were purchased for many collections abroad, from the Faroe Islands to Egypt. She also has works in many Icelandic collections.

Graphic art was strenuous, as Ragnheiður worked with meticulous attention to detail, and looked far and wide for material that formed the basis of the mindplay she wanted to create. Eventually Ragnheiður turned to drawing in her art: drawing freely with charcoal, her fingers dancing across the large picture plane, she created diverse patterns and flows, which one can enter and follow.

Her first one-woman show comprising drawings alone was held in the spring of 1990, and was very well received. Critics saw at once that the artist was entering on a new phase of her career, and seeking to reflect the forces of nature in her work. "It is as if they reflect tumultuous forces of nature, surf crashing on a shore, a glacial moraine at the foot of a mountain, whirlwinds on the horizon, ocean swells – but also those moments when nature appears as the image of all that is most desirable in this life, the promised land of which idealists of all eras have dreamt."³

Although Ragnheiður continued to work with, and exhibit, graphic art, drawings have been her main artistic medium for the past two decades. At a *Sjónþing* seminar about her work at the Gerðuberg Cultural Centre in Reykjavík in March 1996, she was asked if she would make prints on the same large scale as her drawings, if she could. Her answer was clear, and she explained the difference between the two media as follows: "No, I would never do that. When I'm drawing, I always feel as if I were on holiday. When I do graphic art, on the other hand, it's hard labour."

In 1993 Ragnheiður had the opportunity to spend five months as a visiting artist at the Nordic Arts Centre at Sveaborg in Finland. She worked hard, producing many large drawings, which comprised the bulk of a large one-woman show at Kjarvalsstaðir in Reykjavík the following year. The exhibition demonstrated that she had gained as much mastery of this subtle and

delicate medium as she had previously shown in her graphic art. But her subjects were different, as has repeatedly been pointed out. In the large drawings, which are often grouped into themes, one may discern the very essence of existence, eddies and currents on sea, air or land which are characteristic of nature, both in its largest and its smallest manifestations; and as interpreted by the artist they fill the mind of the observer. This was evident, for instance, in the works at her exhibition at Gerðarsafn in Kópavogur in 1996.

Ragnheiður was given the opportunity in 2000 to make the biggest drawing of her career when she took part in the project *Veg(gjir* (Ways/Walls) in the central space of the Kjarvalsstaðir gallery, where artists were given *carte blanche* with the long wall of the space for a specified period. Ragnheiður's achievement was big in every sense: the drawing ultimately reached a size of 2.5 x 14 metres. At the start of that process she said:

"Uncharted territory...

I plan to tread the unfathomable paths of imagination – through wildernesses – uncharted deserts. There are rocks and boulders, barren territory. The journey begins over there in the southwest corner (50 cm above the floor). And the objective is to traverse the wilderness – a total of 350,000 cm² – and reach the destination in the northeast corner (50 cm below the ceiling) by 18 May AD 2000.

My provisions are minimal: a few packets of charcoal, a wine bottle (empty) – my holey old socks – an eraser."

Words spoken by the artist about her drawings at the seminar on her work in 1996 may in truth be applied to all her art: "I feel I never allow myself to be affected by what other people are doing. This is something I have to express, and it's viewed through my eyes. It's been, really, quite a big experiment."

Ragnheiður was once asked in a press interview early in her career what she felt the role of art should be. Her answer was simple: "To get the observer to think – to take a stance – to get him or her to feel anger – joy – revulsion, and so on. In short: to unsettle the observer."

In her art Ragnheiður has always remained true to these words, and today her work is still having its unsettling effect.

Eiríkur Þorláksson, curator

1 Valtýr Þétursson: Morgunblaðið, 11 October 1966.
2 Ólafur Kvaran: Þjóðviljinn, 17 October 1976.
3 Adalsteinn Ingólfsson: DV, 27 April 1990.